

**Akvafuture ehf.
Glerárgötu 36
600 Akureyri**

Reykjavík, 9. nóvember 2017.

Athugasemdir Landssambands veiðifélaga vegna tillögu að matsáætlun AkvaFuture ehf. um 20.000 tonna laxeldi í lokuðum sjókvíum í Eyjafirði.

Landssamband veiðifélaga hefur tekið til athugunar áform Akvafuture um 20.000 tonna laxeldi í lokuðum sjókvíum sem fyrirtækið hyggst staðsetja í Eyjafirði. Landssambandið telur að eldi frjórna laxfiska í traustum lokuðum eldisbúnaði kunni að vera valkostur í laxeldi í sjó við Ísland svo takmarka megi neikvæð umhverfisáhrif af stórfelldu eldi. Landssambandið telur þó ótímabært með öllu að ráðast í þá framkvæmd sem hér er auglýst til kynningar og umsagnar.

Fyrir því eru eftirfarandi ástæður:

- Fram kemur í tillögu að matsáætlun að eldiskvíar fyrirtækisins hafa aðeins verið notaðar í mjög skamman tíma í Noregi og því lítil reynsla komin á hversu fiskheldar þær eru.
- Sá búnaður sem fyrirtækið áformar að nota hefur ekki verið prófaður við íslenskar aðstæður.
- Tilgreindur búnaður þolir aðeins 2 m ölduhæð.
- Engar upplýsingar um ölduhæð á fyrirhuguðum eldisvæðum er að finna í tillögu að matsáætlun.

Landssambandið telur óeðlilegt að tilgreindur búnaður verði samþykktur, án undangenginna prófana, við íslenskar aðstæður sem eldisbúnaður í svo stórfelldu laxeldi á frjóum norskum laxi í Eyjafirði, sem telst viðkvæmt svæði vegna stofna laxfiska. Slíkar prófanir eru nauðsynlegar við mismunandi aðstæður svo taka megi til skoðunar að heimila 20.000 tonna laxeldi í Eyjafirði. Í tillögu að matsáætlun kemur fram að eldi í umræddum búnaði sem hannað hefur verið af Akvadesign hófst árið 2014 og aðeins er stefnt að 6.000 tonna á næstu tveimur árum. Því hlýtur sú spurning að vakna hvers vegna fyrirtækið áformar rúmlega þrisvar sinnum meira eldi í Eyjafirði þar sem eldisaðstæður eru verri vegna lægri sjávarhita en í Noregi. Öflun eldisleyfa í Noregi ættu ekki að vera fyrirstaða, ef norsk yfirvöld, sem hafa með leyfisveitingar að gera, bera fullt traust til eldisbúnaðarins við mismunandi aðstæður eftir svo skamman tíma í rekstri. Því liggja eðli málsins samkvæmt ekki fyrir neinar reynslutölur um slysasleppingar en þær geta verið af ýmsum völdum s.s. mannlegum mistökum, ásamt lekum eða sködduðum búnaði.

Landssamband veiðifélaga telur að framkvæmdaráform í tillögu að matsáætlun feli í rauninni í sér að AKVAFUTURE AS, móðurfélag Akvafuture ætli sér að gera áhættusama risatilraun með mannvirki hérlendis sem takmörkuð reynsla er á í Noregi. Slíkar tilraunir eiga eðli

málsins samkvæmt ekki að vera svo stórar í sniðum eins og lýst er í matsáætlun. Þar sem mannvirkin eiga að geyma frjóan norskan lax sem ekki er heimilt að sleppa lausum í íslenska náttúru telur Landssambandið nauðsynlegt að tilraunin verði smá í sniðum og framkvæmd af íslenskum rannsóknarstofnunum. Sú staðreynd að mannvirkin þola aðeins 2 m ölduhæð gera það að verkum að ólíklegt er að þau geti talist tryggilegur umbúnaður við íslenskar aðstæður sem haldið getur þeim gríðarlega fjölda frjórna norskra laxa sem áætlað er að setja í sjókvíarnar. Þá vekur athygli að traust á búnaðinum virðist ekki meira en svo að nauðsynlegt er talið að hafa netpoka sem umlykur trefjadúk þann sem lokar kerfinu. Hringur úr steypum einingum, sem koma í stað plastringja og trefjadúkurinn er festur við, hefur augljóslega ekki sömu eiginleika og plastringur þegar sjávargangur er mikill. Þar er ekki um sveigjanleika efnis að ræða og slíkt kann að valda tjóni á samsetningu steyptra eininga og öðrum festingum í stórviðrum. Komi til þess að skemmdir verði af völdum veðurs eða annarra umhverfisþátta á þeim hlutum mannvirkisins má ljóst vera að hvorki trefjadúkur eða netpokar halda þeim fiski sem mannvirkið á að geyma. Í kaflanum um búnað og frágang kemur fram að eldiskvíar, sem áformað er að nota, hafi verið í notkun og prófun síðustu ár og fengið vottun samkvæmt NS 9415 við Sæteråsen í Brønnøysund. Einnig segir að fyrirséð sé að búnaðurinn muni standast slíka vottun við sambærilegar íslenskar aðstæður. Af þessu verður aðeins ráðið að vottun búnaðar samkvæmt NS 9415 þurfi að koma til í hverjum tilvikum fyrir sig og þar sem viðnám gegn veðurálagi er svo takmarkað að < 2 m ölduhæð er umfram þolmörk verður varla séð að slík vottun verði fánæg.

Engar tæknilegar upplýsingar er að finna um eldisbúnað Akvafuture í tillögu að matsskýrslu eða á heimasíðu fyrirtækisins. Slíkt er óásættanlegt þegar boðuð eru áform um að mannvirkið tryggi með öruggum hætti að þær 4 milljónir seiða, eða hluti þeirra, sem verða útsett ár hvert í sjó í Eyjafirði sleppi ekki út í umhverfið.

Engar upplýsingar er að finna um tímasetningar s.s. hvenær er áformað að hefja starfsemina. Þá er ekki gerð grein fyrir öflun seiða til starfseminnar, en það er talinn sá þáttur sem helst takmarkar aukningu í laxeldi í dag.

Engar upplýsingar er að finna í tillögu að matsáætlun um framkvæmdaraðilann sem sýnist í opinberum skráð vera nýstofnað einkahlutafélag.

Landssambandið leggst, samkvæmt framansögðu, eindregið gegn fyrirhugaðri framkvæmd Akvafuture ehf. eins og hún liggur fyrir og setur fram ófrávikjanlega kröfu um að sá búnaður sem fyrirtækið hyggst nota til eldisins verði þaulprófaður við íslenskar aðstæður og vottaður traustur af innlendum aðilum. Niðurstöður þeirra rannsókna verði síðan forsendur ákvörðunar um hvort taka megi búnaðinn til stórfelldrar framleiðslu á frjóum laxi í sjó við Ísland.

Virðingarfyllst,
fh.
Landssambands veiðifélaga,

*Afrit sent til:
Skipulagsstofnunar.*